

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Árni Stefánsson, Hörður Oddfríðarson Ritari og Viktoría Gísladóttir gjaldkeri

**Afboða, mæta ekki :** Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður

**Fundur 14.01 2025 settur kl. 18.00**

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

## 2. Mót og starfsemi

- a. Bikarkeppnin var haldin í Reykjanesbæ 20 – 21. des síðastliðin. Alls kepptu 16 lið á mótinu í fyrstu og annari deild kvenna og karla. SH varð sigurvegari í fyrstu deild kvenna og karla og einnig í 2. deild karla. Í 2. deild kvenna var sameinað lið sundráðs ÍBR (íþróttabandalags Reykjavíkur) hlutskarpast. Umgjörð mótsins var frábær og sem fyrr var SSÍ með streymi frá mótinu. Stjórn SSÍ vill þakka ÍRB fyrir samstarfið á mótinu sem var frábært og öllum sjálfbóðaliðum fyrir sinn þátt. Það sýnir kraft hreyfingarinnar að hægt sé að manna mót með svo góðum hætti svona nálægt jólum. Fyrirhuguð er umræða um bikar á fundi með þjálfurum á meðan á RIG stendur.
- b. RIG (Reykjavík International Games) verður haldið í Laugardalslaug 24 – 26. janúar. Mótastjóri sagði frá undirbúningi fyrir mótið en þar er í mörg horn að líta. Alls verða um 300 keppendur á mótinu og þar af 100 keppendur erlendis frá. Streymt verður frá mótinu á vegum SSÍ og lagður er mikill metnaður í það að vanda. Verið er að skoða með samstarf við RÚV. Mönnun gengur ágætlega en gæti gengið betur. Stjórnarfolk og þau félög sem þeim tengjast er hvatt til að taka að sér sjálfbóðaliðastörf á mótinu enda mótið stórt í sniðum og veitir ekki að allri hjálp sem mögulegt er.
- c. Sundfólk ársins var kjörið af stjórn SSÍ um miðjan desember samkvæmt þeirri reiknireglu sem er í gildi. Það kemur engum á óvart að sundfólk árisins eru þau Snæfríður Sól Jónnardóttir og Anton Sveinn McKee en bæði áttu frábært ár í lauginni og voru m.a í 4. sæti í sínum sterkustu greinum á EM50 í Búdapest og komust bæði í undanúrslit á Ólympíuleikunum í París í sumar auk þess sem þau eru mjög ofarlega á heimslistum í sundi. Við óskum Snæfríð og Antoni til hamingju með frábært ár.
- d. Afrekssjóður birti úthlutun fyrir árið 2025 í lok nóvember. Vonbrigði með þessa úthlutun eru gríðarlega mikil hjá stjórn SSÍ en framlög til sambandsins voru skorin niður um 16% á milli ára þrátt fyrir að árið 2024 hafi verið það stærsta frá upphafi í umfangi, fjölda verkefna og árangri. Formaður og framkvæmdastjóri skrifuðu bréf til ÍSÍ og stjórnar afrekssjóðs sem farið var yfir á fundinum. Framkvæmdastjóri og formaður hafa einnig hitta forsvarsfólk annara stórra sérsambanda vegna málsins en flest stærri sérsambönd lentu í niðurskurði. Farið var yfir úthlutunina á fundinum.
- e. Á formannafundi ÍSÍ um miðjan nóvember var talað um að aukafjárveiting ríkisins að upphæð 637 m.kr kæmi til úthlutunar á fyrsta fjórðungi ársins 2025. Á þessari stundu vitum við ekki hveru mikið við fáum af þessum peningum eða hvernig þeim verður skipt innan hreyfingarinnar. Stjórn SSÍ hefur því engan annan kost en að huga að niðurskurði í afreksstarfi og munu formaður, framkvæmdastjóri, yfirmaður landsliðsmála og mótastjóri fara yfir hvernig best verður skorið niður í rekstri

afreksmála komi ekki til auðið fjármagn til að mæta frekari uppbyggingu og hækkandi verðlagi.

- f. Það er ljóst að niðurstaða úr rekstri SSÍ verður mjög þung fyrir árið 2024 enda mjög stórt verkefnaár og tekjur hafa á engan hátt endurspeglad hækkun á kostnaði.
- g. Í aðdraganda NM í sundi var framkvæmdastjóri í samskiptum við skólastjóra Háskólans í Reykjavík til þess að freista þess að sundmaður á vegum SSÍ gæti tekið þátt í landsliðsverkefni fyrir íslands hönd og að hann fengi að færa til próf og verkefni sem voru á meðan keppnin var haldin. Þrátt fyrir mikla pressu og aðstoð frá ÍSÍ fékkst þetta leyfi ekki og viðkomandi nemenda var refsad með að draga hann niður í einkunn vegna fjarveru. Stjórn SSÍ lýsir yfir miklum vonbrigðum með þessa niðurstöðu og telur um mikla mismunun að ræða þarna.
- h. Landsátakinu *Syndum* lauk 30. nóvember síðastliðinn en átakið hófst með setningu í Ásvallalaug þann 1. nóvember. Almennigur, skólar og sundfélög tóku þátt í mótinu og syntir voru 24 hringir í kringum landið sem eru fleiri en á síðasta ári.
- i. Innilaug Laugardalslaugar verður lokað frá 9. júní til 11. ágúst vegna viðgerða. Höfum við sent erindi vegna þessa á ÍTR, ÍBR, ÍSÍ og forsvarsmenn laugarinnar,
- j. Yfirmaður landsliðsmála mætti á sameiginlegan fund með NSF samstarfinu í Kaupmannahöfn þann 8. Janúar og gerði grein fyrir fundinum.
- k. Ritari lagði fyrir fundinn erindi frá Ólafi Elíassyni varðandi Artistic Swimming. Stjórn SSÍ tekur vel í erindið og er til í að aðstoða í þessu máli en getur því miður ekki sett fjármuni í þetta að sinni.
- l. Framkvæmdastjóri og formaður fóru á glæsilega athöfn í Hörpu þar sem íþróttamaður ársins 2024 var tilkynntur. Sundfólk ársins þau Snæfríður Sól og Anton Sveinn voru bæði á meðal topp 10 í kjörinu um þá sem komu til greina. Þau lentu í 5. og 7. sæti kjörsins. Íþróttamaður ársins var Glódís Perla Viggósdóttir og er vel að kjörinu komin.
- m. Farið var yfir atburðadagatal landsliðshópa sem sett verður inn í atburðadagatal.
- n. Farið var yfir hugmyndir varðandi verðpakka í streymi SSÍ frá mótum. Hin norðurlöndin eru mörg hver komin í sama módel og gengur vel. Hugmyndin var samþykkt.
- o. Samþykkt var að hafa sundþing 29. mars sem er laugardagur.

### 3. Afreksmál

- p. Norðurlandameistaramótið var haldin í Vejle – Danmörku 1 – 3. des. 20 keppendur og 3 þjálfarar tóku þátt í mótinu fyrir hönd SSÍ og árangurinn góður. Í allt vann íslenska liðið til 9 verðlauna (3 silfur og 6 brons) sem er mesti fjöldi verðlauna á NM síðan byrjað var að keppa í unglunga og fullorðins flokki. 2 landssveitarmet í boðsundum, 4x200m skrið kvenna og 4x100m skrið karla. Verðlaunahafarnir voru Katja Lilja silfur og brons, Eva Margrét silfur, Freyja silfur, Sólveig Freyja 2 brons, Hólmar brons, Aron Bjarki brons og Ylfa Lind brons.
- q. Heimsmeistaramótið í 25m laug var haldið í Búdapest – Ungverjalandi 10-15. Desember. SSÍ sendi í allt 8 keppendur á mótið, sem er mesti fjöldi frá HM25 í Windsor 2016. Árangurinn góður, 2 Íslandsmet, 1 Unglingamet og 2 landsliðsveitarmet í boðsundum. Bestum árangri náði Snæfríður Sól í 100m skriðsundi, en hún setti Íslandsmet í undanrásnum og undanúrslitum, Snæfríður endaði í 13. Sæti í greininni. Guðmundur Leo stóð sig mjög vel á mótinu og bætti sig í báðum greinum og setti Unglingamet í 100m baksund. Flest öll sundin voru á pari við besta tíma og nær öll sund bestu tímar á alþjóðlegu meistaramóti. Heilt yfir gott verkefni, gaman að geta verið með boðsundssveitir sem stóðu sig vel.
- r. Æfingahelgi Framtíðarhóps var haldin í Reykjanesbæ helgina 11-12. Janúar. Helgin gekk eins og vonast var til og hefði ekki gert það án Ámýju og Guðrúnu frá ÍRB sem

sáu um alla ytri umgjörð helgarinnar af miklum sóma. Dagskráin byrjaði á fyrirlestri frá Gauta Grétarsyni sjúkraþjálfara, þar á eftir var komin að Inga Þór Jónssyni fyrrum afreksmann í sundi og yfirmaður landsliðsmála rak svo lestina í fræðslu hlutanum. Hópurinn synti tvær æfingar og hópefli um kvöldið. Að þessu sinni var það bingó sem þjálfarar félagana stýrðu af miklum sóma. Helgin endaði á tækniæfingu fyrir sundfólkið og fyrirlestri fyrir foreldra. Almennt mikil ánægja með þessar helgar og foreldrar mjög þakklátir SSÍ fyrir að vera með þessar helgar.

- s. Sundmælingar, fræðsla og æfingadagur er hjá landsliðshópum SSÍ í þessari viku. Mælingarnar fara fram í Asvallalaug dagana 15. og 16. janúar, en fræðslan og æfing verður á laugardaginn í Laugardalnum frá 12-18. Þar verður fyrirlestur frá Lyfjaeftirlitinu, Hafrún Kristjánsdóttir mun tala um geðheilsu íþróttafólks, Milos Petrovic verður með landþjálfun í Laugardalshöll og dagurinn endar með sundæfingu í Laugardalslaug.
- t. Æfingabúðir Landsliðshópa SSÍ á Tenerife 31.jan til 9.feb. Föstudaginn eftir RIG förum við í æfingabúðir með 23 einstaklinga úr landsliðshópunum. Æfingabúðirnar verða með svipuðu formi og í fyrra. Ég mun stýra verkefninu og verð yfirþjálfari í ferðinni, tveir félagsþjálfarar koma með, þeir Dadó Fenrir frá SH og Riccardo frá Breiðablik. Einnig mun Númi Snær koma með aftur og sjá um landþjálfun fyrir hópinn. Markmiðið er að hafa fund með þjálfara teyminu um miðja næstu viku til að klára skipulag, en það verður aðeins snúnara núna, þar sem við munum taka sérhæfðan sprett hóp með í ferðina.
- u. Ólympíudagar Evrópu dagar Æskunnar fer fram seint í júlí mánuði. Það var fyrirhugað að taka þátt, en eftir að hugsa það betur og ræða við hinar norðurlanda þjóðirnar, teljum við best að sleppa því móti.
- v. Verkefni framundan sem við erum að vinna í
  - a. Snæfríður Sól mun taka þátt í háfjallaæfingabúðum með sænska landsliðinu í 18 daga, hún ferðast til Tyrklands 21.jan. Eftir þessa 18 daga mun hún halda áfram og taka 12 daga með Álaborg í Tyrklandi.
  - b. Taastrup Open 8. – 12 maí (búið að panta hótél og flug)
  - c. Smáþjóðaleikar 27-30.maí, verið að skoða möguleika á pre camp fyrir mót í Andorra frá 21.maí til að aðlagast 1100m hæð.
  - d. EMU23 og EMU18 í Slóvakíu
  - e. NÆM í Færeyjum
  - f. Vinna að ósk félaga um sameiginlegt B-landsliðsverkefni fyrstu helgina í júlí
  - g. Ísland vs. Færeyjar fyrir Framtíðarhóp í staðin fyrir æfingahelgina í september

#### 4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

#### 5. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
06.01.2025	2026-2027 EA Events and bidding process	EA
06.01.2025	WA General Congress and nominations	WA
08.01.2025	Rástefna í tengslum við RIG meira eða minna afreks	RS
09.01.2024	Vorfjarnám ÍSÍ þjálfaramenntun	ISI

## 6. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Júlia Rut Lárusdóttir Mönster	UMFA	Ægir	14.01.2025	12.02.2025
Brynja Dís Bjarkardóttir	UMFA	Ægir	14.01.2025	12.02.2025
Eva Pétursdóttir	UMFA	Ægir	14.01.2025	12.02.2025

## 7. Staðfesting meta / afreka

25m laug, íslandsmet

### Íslandsmet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
100m skrið	Snæfríður Sól Jórunnard.	Álaborg	0:52,77	11.12.2024	Búdapest
100m skrið	Snæfríður Sól Jórunnard.	Álaborg	0:52,68	11.12.2024	Búdapest

### Unglingamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
100m bak	Guðmundur Leo Rafnss.	ÍRB	0:52,69	10.12.2024	Búdapest
4x50m fjór kk	Unglingasveit ÍRB	ÍRB	1:47,06	18.12.2024	Reykjanesbæ

### Landssveitarmet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
4x200m skrið	Kvennasveit ISL	Ísland	8:15,42	01.12.2024	Velje
4x100m skrið	Karlasveit ISL	Ísland	3:22,80	03.12.2024	Velje
4x50m skrið	Blönduð sveit ISL	Ísland	1:34,12	13.12.2024	Búdapest
4x100m fjór	Karlasveit ISL	Ísland	3:33,68	15.12.2024	Búdapest

## 8. Önnur mál:

Formaður hefur setið tvo fundi með NSF samstarfinu í desember þar sem að gerðar hafa verið athugasemdir um það af hverju Rússar og Hvítrússar kepptu á HM í Búdapest og hvernig stæði á því að gerð hafi verið undantekning á dagsetningum lágmarka fyrir þetta sundfólk. Skrifað var bréf til WA vegna þessa.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 19.45